

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum
(leigusamningar).

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

1. gr.

Í stað 3. málsli. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Samanburðarfjárhæðir breytast til samræmis við hina nýju aðferð, nema lög, reglugerðir eða settar reikningsskilareglur, sem breyting reikningsskilaaðferðar grundvallast á, mæli fyrir um annað en þá skal fylgja þeim fyrirmælum.

2. gr.

5. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Allir leigusamningar skulu metnir og færðir í samræmi við settar reikningsskilareglur. Frá því er þó heimilt að víkja við gerð ársreiknings örfélaga og lítilla félaga og skal þá eins farið með alla leigusamninga. Sé heimild fyrir örfélög eða lítil félög nýtt skulu leigugreiðslur gjaldfærðar í rekstrarreikningi eftir því sem þær falla til.

3. gr.

4. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: Félög skulu að lágmarki veita eftirfarandi upplýsingar um leigusamninga:

1. helstu skilmála leigusamninga, svo sem um undirliggjandi eignir, væntar framtíðarleigugreiðslur, leigutíma, framlengingar- og uppsagnarheimildir,
2. tekjur eða gjöld sem færð eru í rekstrarreikning vegna leigusamninga og undir hvaða liðum,
3. fjárhæðir leigugreiðslna sem félagið er skuldbundið til að greiða eða hefur rétt á að fá greiddar, eftir því sem við á, árlega á næstu fimm árum frá lokum reikningsárs annars vegar og samanlagðar fjárhæðir eftir lengri tíma en fimm ár hins vegar. Jafnframt skal eftir því sem við á upplýsa um mikilvægar forsendur sem fjárhæðirnar byggjast á.

4. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samvinnu við reikningsskilaráð og ársreikningaskrá sem starfrækt er af ríkisskattstjóra. Frumvarpið varðar

meðferð leigusamninga í reikningsskilum þeirra félaga sem falla undir gildissvið laga um ársreikninga. Frumvarpið hefur að geyma tillögur til breytinga á lögum um ársreikninga sem taka til örfélaga og lítilla félaga eins og þau eru skilgreind í lögnum og varðar færslu leigusamninga í reikningsskilum slíkra félaga. Markmiðið með lagabreytingunni er annars vegar að létta byrgðum af örfélögum og litlum félögum og einfalda reikningsskil þeirra. Hins vegar er markmiðið með frumvarpinu að samræma hvernig farið með leigusamninga í ársreikningum félaga.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis, kemur fram að stefna þurfi að stöðugleika til lengri tíma og auka gagnsæi í athafnalífi og allri stjórnsýslu til að efla traust almennings á rekstri fyrirtækja, fjármálaráði, stjórnmalum og stofnunum samfélagsins. Einnig kemur fram að átak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings. Með frumvarp er lagðar til breytingar á lögum um ársreikninga með það að markmiði að létta byrgðum af örfélögum og litlum félögum eins og þau er skilgreind í lögnum.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í 1. gr. laga um ársreikninga er að finna gildissvið laganna en lögin gilda um félög af tiltekinni gerð eins og talið er upp í fjórum málsgreinum í 1. gr. laganna. Undir gildissvið laganna falla um 40.000 félög. Lögin gilda um gerð árlegra reikningsskila þeirra félaga sem falla undir gildissvið laganna.

Með árlegum reikningsskilum er ólíkum markmiðum fylgt eftir þar sem reikningsskil hafa ekki einungis upplýsingagildi fyrir fjárfesta á fjármagnsmörkuðum heldur eru þar einnig rakin fyrri viðskipti, auk þess að þau efla stjórnarhætti fyrirtækja. Með löggjöf um reikningsskil þarf að tryggja jafnvægi milli hagsmuna viðtakenda reikningsskila og hagsmuna fyrirtækja með tilliti til þess að skýrslugjafarskyldan sé ekki óþarflega íþyngjandi. Jafnvægi þarf að vera á milli þeirra upplýsinga sem þörf er á fyrir heilbriggt viðskiptalíf og vinnu félagsins við að birta þessar upplýsingar.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um ársreikninga segir að félög samkvæmt 1. gr. laganna skuli semja ársreikning í samræmi við lögin, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eftir því sem við eigi. Þá segir að sé ekki mælt fyrir um tiltekið atriði í lögnum eða reglugerðum skuli um það fara eftir viðeigandi ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Settar reikningsskilareglur eru skilgreindar í 35. tölul. 2. gr. laganna sem reglur sem reikningsskilaráð gefur út og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. Reikningsskilaráð hefur ekki gefið út reglu um meðferð leigusamninga í reikningsskilum félaga og því gilda ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla um meðferð leigusamninga í reikningsskilum, þ.e. um mat, færslu og upplýsingar, fyrir öll félög sem falla undir lög um ársreikninga. Þann 1. janúar 2019 tók gildi alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 16 um leigusamninga. Samkvæmt staðlinum skal leigutaki, með tilteknum afmörkuðum en valkvæðum undanþágum, færa allar leiguskuldbindingar í efnahagsreikning og á móti nýtingarétt af hinu leigða. Staðallinn hefur í för með sér breytingar frá núgildandi reglum þar sem leigusamningar hafa margir hverjir flokkast sem rekstrarleigusamningar hjá leigutökum. Þeir samningar eru ekki færðir í efnahagsreikning samkvæmt núgildandi reglum. Það getur verið íþyngjandi fyrir smærri félög að fylgja ákvæðum IFRS 16, þ.e. bæði kostnaðarsamt og flókið. Til dæmis þarf að leggja mat á það hvort um leigusamning sé að ræða í skilningi staðalsins, ákvarða leigutíma og reikna fjárhæðir nýtingarréttar hins leigða og leiguskuldar. Eftir atvikum getur svo þurft að endurreikna leigusamningana á hverjum reikningsskiladegi, t.d. vegna verðþryggingar leigugreiðslna. Því er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um

ársreikninga nr. 3/2006 til þess að létta byrðum af smærri félögum með því að heimila þeim að færa leigusamninga ekki í efnahagsreikning.

Eins og fyrr segir falla um 40.000 félög undir gildissvið laga um ársreikninga en gera má ráð fyrir að breytingin sem lögð er til í frumvarpinu nái til um 97% þessara félaga þannig að um 3% félaga sem falla undir lög um ársreikninga þurfi að beita reikningsskilastaðli IFRS 16 um leigusamninga sína.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið tekur til þess hvernig farið er með leigusamninga í ársreikningum þeirra félaga sem falla undir gildissvið laga um ársreikninga. Frumvarpið hefur að geyma tillögur til breytinga á lögnum sem taka til örfélaga og lítilla félaga eins og þau eru skilgreind í lögnum og varðar færslu leigusamninga í reikningsskilum slíkra félaga.

Í frumvarpinu er lagt til að heimila örfélögum og litlum félögum að víkja frá settum reikningsskilareglum varðandi leigusamninga. Þann 1. janúar 2019 tók gildi alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 16 um leigusamninga en hann hefur í för með sér miklar breytingar á framsetningu leigusamninga í ársreikningi félaga. Samkvæmt staðlinum skal leigutaki, með tilteknum afmörkuðum en valkvæðum undanþágum, færa allar leiguskuldbindingar í efnahagsreikning og á móti nýtingarétt af hinu leigða. Staðallinn hefur í för með sér breytingar frá núgildandi reglum þar sem leigusamningar hafa margir hverjir flokkast sem rekstrarleigusamningar hjá leigutökum. Þeir samningar eru ekki færðir í efnahagsreikning samkvæmt núgildandi reglum. Það getur verið íþyngjandi fyrir smærri félög að fylgja ákvæðum IFRS 16, þ.e. bæði kostnaðarsamt og flókið. Til dæmis þarf að leggja mat á það hvort um leigusamning sé að ræða í skilningi staðalsins, ákvarða leigutíma og reikna fjárhæðir nýtingarréttar hins leigða og leiguskuldur.

Með því að heimila örfélögum og litlum félögum að víkja frá settum reikningsskilareglum um leigusamninga er verið að létta byrðum af slíkum félögum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið snertir þau félög sem falla undir lög um ársreikninga, nr. 3/2006, um er að ræða félög sem rekin eru á tilteknu félagaform, þ.e. félög með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Í 75. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa en þessu frelsi megi þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Með lögum um ársreikninga eru félögum sem rekin eru á tilteknu félagaformi settar skorður en slíkt hefur verið talið heimilt á grundvelli almannahagsmuna.

Reglur frumvarpsins eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Tilskipun ESB 2013/34 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE hefur verið tekin upp í EES-samninginn og er innleidd í íslenskan rétt með lögum um ársreikninga. Reglugerðir framkvæmdastjórnar ESB um alþjóðlega reikningsskilastaðla eru einnig teknar upp í EES-samninginn og innleiddar í íslenskan rétt með tilvísunarreglugerðum sem birtar eru í Stjórnartíðindum en þar er vísað til birtingar staðlanna í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Reglugerð (ESB) 2017/1986 um alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 16 leigusamningar var tekinn upp í EES-samninginn með ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2018, frá 27. apríl 2018, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur), og var reglugerðin birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 72/2018, útgefin 8. nóvember 2018, bls. 316. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar var

innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 988/2018 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1986 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 16 sem birt var í Stjórnartíðindum hinn 12. nóvember 2018. Umræddur reikningsskilastaðal tók gildi eins og fyrr segir 1. janúar 2019.

5. Samráð.

Frumvarpið er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samvinnu við Reikningsskilaráð og ársreikningaskrá sem starfrækt er af ríkisskattstjóra. Áform um lagasetninguna voru kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í samráðsgátt stjórnvalda og bárust ábendingar frá hagsmunaaðilum við áformin.

Frumvarpið var einnig kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í opinni samráðsgátt stjórnvalda.

6. Mat á áhrifum.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á 13. gr., 29. gr. og 52. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, vegna leigusamninga. Þannig er í frumvarpinu lagt til að heimila örfélögum og litlum félögum að víkja frá settum reikningsskilareglum varðandi leigusamninga. Þann 1. janúar 2019 tók gildi alþjóðlegur reikningsskilastaðal IFRS 16 um leigusamninga en hann hefur í för með sér miklar breytingar á framsetningu leigusamninga í ársreikningi félaga. Staðallinn hefur í för með sér breytingar frá núgildandi reglum þar sem leigusamningar hafa margir hverjir flokkast sem rekstrarleigusamningar hjá leigutökum. Þeir samningar eru ekki færðir í efnahagsreikning samkvæmt núgildandi reglum. Það getur verið íþyngjandi fyrir smærri félög að fylgja ákvæðum IFRS 16, þ.e. bæði kostnaðarsamt og flókið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verða fjárhagsáhrif á ríkissjóð engin.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginreglan er sú að samanburðarfjárhæðir í ársreikningi skuli breytast til samræmis við hina nýju aðferð en breytingin samkvæmt 1. gr. frumvarpsins felur í sér að ef lög, reglugerðir eða settar reikningsskilareglur mæli fyrir um annað en að samanburðarfjárhæðir sé breytt til samræmis við hina nýju aðferð skuli fylgja þeim fyrirmælum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að meginreglan verði að allir leigusamningar skulu metnir og færðir í samræmi við settar reikningsskilareglur, þ.e. reglur sem reikningsskilaráð og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sbr. 35. tölul. 2. gr. laganna. Þar sem reikningsskilaráð hefur ekki gefið út reikningsskilareglur um leigusamninga skal fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við mat og færslu leigusamninga í ársreikningi. Núgildandi ákvæði 5. mgr. 29. gr. laganna nær einungis til fjármögnunarleigusamninga en breytingin sem lögð er til í 2. gr. gerir það að verkum að ákvæðið nær til allra leigusamninga.

Þann 1. janúar 2019 tók gildi alþjóðlegur reikningsskilastaðal IFRS 16 um leigusamninga en hann hefur í för með sér miklar breytingar á framsetningu leigusamninga í ársreikningi félaga. Samkvæmt staðlinum skal leigutaki, með tilteknum afmörkuðum en valkvæðum undanþágum, færa allar leiguskuldbindingar í efnahagsreikning og á móti nýtingarétt af hinu leigða. Staðallinn hefur í för með sér breytingar frá núgildandi reglum þar sem leigusamningar

hafa margir hverjir flokkast sem rekstrarleigusamningar hjá leigutökum. Þeir samningar eru ekki færðir í efnahagsreikning samkvæmt núgildandi reglum.

Það getur verið íþyngjandi fyrir smærri félög að fylgja ákvæðum IFRS 16, þ.e. bæði kostnaðarsamt og flókið. Til dæmis þarf að leggja mat á það hvort um leigusamning sé að ræða í skilningi staðalsins, ákvarða leigutíma og reikna fjárhæðir nýtingarréttar hins leigða og leiguskuldar. Í frumvarpinu er lagt til að heimila örfélögum og litlum félögum að víkja frá settum reikningsskilareglum varðandi leigusamninga.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna tillögu um hvaða lágmarksupplýsingar skuli koma fram í skýringum um leigusamninga í ársreikningi. Lagt er til að gerð verði krafa um aukna upplýsingagjöf um leigusamninga til að auka gagnsæi.

Í núgildandi ákvæði 4 mgr. 52. gr. laganna er kveðið á um það hvaða upplýsingar um leigusamninga sem ekki koma fram í ársreikningi skuli veittar í skýringum ársreiknings. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að allir leigusamningar skuli metnir og færðir í samræmi við settar reikningsskilareglur þó sé örfélögum og litlum félögum heimilt að víkja frá því. Í 3. gr. frumvarpsins er að finna tillögu um hvaða lágmarksupplýsingar skuli koma fram í skýringum í ársreikningi um leigusamninga. Séu ríkari kröfur í settum reikningsskilareglum um hvað skuli koma fram í skýringum skal tekið tillit til þess þar að auki. Lagt er til að ákvæði 3. gr. frumvarpsins gildi um öll félög sem falla undir gildissvið laganna.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna gildistökuákvæði en lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar, þar sem alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 16 tók gildi 1. janúar 2019.